

Skáld í leikskólum | 2019

Bókmenntadagskrár fyrir börn



Skáld í leikskólum 2019

Komdu nú að krunkast á!

Í lifandi og skemmtilegri dagskrá sækja ljóðskáldið **Aðalsteinn Ásberg** og söngkonan **Þorgerður Ása** í þjóðlegan sagna- og söngvasjóð þar sem krummavisur og sagnir tengdar hrafninum, eftirlætisfugli margra barna og fullorðinna, eru í fyrirrúmi. Áhorfendur taka virkan þátt og fá innsýn í það hvernig sagan og menningin endurspeglar heiminn allt í kringum okkur. Eiga krummafótur og krummaskitur til dæmis eitthvað sameiginlegt?

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson er löngu landskunnur fyrir ritverk sín og tónlist, ekki síst barnaplöturnar *Berrössuð á tánum* og *Bullutröll*, sem hafa lengi notið mikilla vinsælda, en hann hefur líka sent frá sér fjölda barnabóka, bæði sögur og bundið mál, m.a. *Kvæðið um Krummaling* og *Segðu mér og segðu ...*

Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir er þjóðfræðingur að mennt en stundaði auk þess nám í Tónlistarskóla FÍH og Norræna vísnaskólanum í Kungälv í Svíþjóð. Hún hefur víða komið fram á tónleikum hérlandis og á Norðurlöndum og er önnur helft dúósins *Vísur og skvísur*.

Dagskrá hentar **öllum aldurshópum**.



Haustið 2019 fara 2 skáld á vegum Höfundamiðstöðvar RSÍ, þau **Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson** og **Þorgerður Ása Aðalsteinsdóttir**, í ævintýraleiðangur um leikskóla með krummavisur í farteskinu.

Það er fagnaðarefni að Höfundamiðstöð geti boðið fyrsta skólastiginu vandaða og líflega bókmenntadagskrá, rétt eins og grunnskólunum, en á hverju hausti býður **Höfundamiðstöð RSÍ**

Verð og tímalengd

Tímalengd: **30 mínútur**.

Tækjakostur: **Hljóðkerfi með 2 hljóðnemunum og tölva með skjávarpa sem skólar verða að hafa til reiðu.**

Verð: **40.000 kr.**

Hámarksfjöldi áhorfenda er **60 nemendur**.

Tímabil og pantanir

Tímabil á haustönn:

16. október – 30. nóvember 2019.

Að auki er hægt að panta dagskrár á öðrum tímum að höfðu samkomulagi við höfunda.

Frestur til að panta dagskrár er til **27. september 2019.**

Allar pantanir berist á tinna@rsi.is

Upplýsingar í **síma 568 3190** og á heimasíðu Höfundamiðstöðvar: www.rsi.is/hofundamidstod

skólum um land allt upp á bókmenntadagskrár undir nafninu **Skáld í skólum** þar sem höfundar heimsækja skólana til að fjalla um bókmenntir af ýmsu tagi. Dagskrárnar eru ætíð metnaðarfullar og fræðandi, höfundar koma í heimsókn til að tala um bækur og lestur, sköpun og skrif, ævintýri sögupersóna jafnt sem skapara þeirra og síðast en ekki síst til að smita börn af ólækjandi lestrar- og sköpunargleði.